

**Sp.**

**610. Fyrirspurnir.**

[280. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um hitunarkostnað íbúðarhúsnæðis.

Frá Guðmundi Gíslasyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hver er framtíðarstefna í sölu raforku til húsa hitunar?
2. Hver er upphitunarkostnaður á rúmmetra íbúðarhúsnæðis í eftirtöldum byggðarlögum? Hvaða hitagjafi er notaður?

Reykjavík. Borgarnes. Ísafjörður. Rauðasandshreppur. Akureyri. Kópasker. Egilsstaðir. Stöðvarfjörður. Hvammshreppur (Vík). Selfoss. Vestmannaeyjar.

II. Til samgönguráðherra um símamál í Austurlandskjördæmi.

Frá Guðmundi Gíslasyni.

Hvað verður unnið af áætluðum framkvæmdum við sjálfvirknivæðingu og örbylgjutengingu síma í Austurlandskjördæmi árið 1982?

III. Til samgönguráðherra um stöðuveitingu stöðvarstjóra Pósts og síma á Ísafirði.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun samgönguráðherra að ráða í starf stöðvarstjóra Pósts og síma á Ísafirði umsækjanda, sem hefur skemmri starfstíma að baki en tveir aðrir umsækjendur, sem starfsmannaráð hafði einnig mælt með?
2. Telur ráðherra ekki umhugsunarefni þegar starfsmaður segir upp starfi sínu, vegna þess að honum er misboðið við veitingu starfs innan stofnunarinnar, eftir 30 ára starfstíma, og er hér ekki um skýlaust brot að ræða á lögum nr. 78/1976 um jafnan rétt kvenna og karla?

IV. Til viðskiptaráðherra um samkeppnisaðstöðu Íslendinga.

Frá Guðmundi Karlssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar um athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga á mörkuðum fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir og á fyrirkomulagi styrkja og aðstoðar við sjávarútveg helstu samkeppnisþjóða okkar, sem samþykkt var á síðasta þingi?

V. Til menntamálaráðherra um undirbúning kennslu í útvegsfræðum.

Frá Guðmundi Karlssyni.

Hvað líður skipun nefndar samkvæmt samþykkt Alþingis frá 19. maí 1981 til að undirbúa og skipuleggja kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands?